

Nd.

244. Breytingartillögur

við frv. til laga um útvarpsrekstur ríkisins.

Frá Sigurði Einarssyni.

1. Við 6. gr. Fyrsta málsgr. orðist svo:

Hver sá maður, heimili eða stofnun, sem hagnýtir sér útvarp ríkisins, skal greiða til þess árlegt afnotagjald.

2. Aftan við greinina komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Heimilt er í reglugerð að ákveða um undanþágu blindra manna frá greiðslu afnotagjalds af útvarpi, eftir reglum, sem kennslumálaráðherra setur.